

samkvæmt ákvæðum 39. gr. laga nr. 95 frá 1947, um lögræði og lögum um nauðung-aruppböð, nr. 57 frá 1949, eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. Veðdeildin hefur ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðast á uppböðinu og öllum málskostnaði að skaðlausu. Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppböð á veðsettum fasteignum megi fara fram í skrifstofu uppböðshaldara.

## 23. gr.

Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða má verja til kaupa á bankavaxtabréfum veðdeildarflokksins, en þó eigi á hærra verði en skráðu gangverði þeirra hjá Landsbanka Íslands.

## 24. gr.

Þá er lokið er skuldbindingum veðdeildarflokksins, rennur varasjóður hans til næsta flokks og svo áfram. Þegar lokið er skuldbindingum síðasta flokksins samkvæmt lögum nr. 73/1965 rennur varasjóðurinn til þess eða þeirra veðdeildarflokka eða veðlánastofnana, sem stofnsettar verða til að halda áfram veðlána-starfseminni. Verði slíkum nýjum flokkum eða veðlánastofnunum fengin aðgreind starfssvið, skiptist varasjóðurinn milli þeirra, svo að hvert starfssvið njóti réttar ítölu þeirrar, er varasjóðnum hefur þaðan aflast.

## 25. gr.

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum bankans.

## 26. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 73 22. maí 1965, sbr. lög nr. 32 7. apríl 1971 og lög nr. 106 27. desember 1973, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, tekur þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytið, 25. september 1974.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Gylfi Knudsen.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um sóttvarnir nr. 229/1971.

## 1. gr.

13.—22. greinar reglugerðarinnar falli niður. Í staðinn komi 3 nýjar greinar svo hljóðandi:

## 13. gr.

Þá er skip eða flugfar kemur að landi og sjúklingur veikur af kóleru er í skipinu (flugfarinu), eða kólera hefur gert vart við sig innan borðs:

- a. er sóttvarnarnefnd heimilt að láta sérhvern grunaðan meðal farþega eða áhafnar sæta sóttvarnareftirliti eða einangrun, þó ekki lengur en 5 daga frá þeim tíma er hann steig á land,

b. skal sóttvarnarnefnd sjá um, að fjarlæggt sé og komið fyrir á tryggilegan hátt: vatn, matvæli (nema í farmi), saur og þvag manna, skólp, þar með talið kjölvatn, og allt það, er telja má til úrgangs eða ætla má sóttmengað; enn fremur, að vatnsgeymar séu sóttþreinsaðir sem og matar- og drykkjaráhöld og ílát.

Þegar ráðstafanir sóttvarnarnefndar samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar b-liðs þessarar greinar hafa verið framkvæmdar á fullnægjandi hátt, skal heimila skipi (flugfari) frjáls samskipti við land.

#### 14. gr.

Ef kóleru hefur orðið vart í skipi eða flugfari á leið til lands, er sóttvarnarnefnd heimilt að láta fara fram bakteríurannsókn á matvöru í þeim hluta farms aðeins, sem kemur til affermingar hér á landi.

#### 15. gr.

Heimilt er að láta mann, er kemur til landsins frá sýktu svæði innan skemmri tíma en nemur fullum 5 dögum, undirgangast rannsókn á saur, en sýni úr endabarni verður ekki tekið án samþykkis hans.

#### 2. gr.

23. grein reglugerðarinnar verði 16. grein eftir breytinguna og númeraröð annarra greina breytlit til samræmis við það.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í sóttvarnalögum nr. 34/1954, öðlast gildi þegar í stað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. september 1974.*

**Matthías Bjarnason.**

**Jón Ingimarsson.**

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 178 9. nóvember 1959 um  
vöruhappdrætti Sambands Íslenskra berklasjúklinga.

#### 1. gr.

5. gr. orðist svo:

Happdrættið gefur árlega út 70 000 — sjöttíu þúsund — hluti í 12 flokkum. Hver hlutamiði ber áprentað númer, frá 1—70 000, og auk þess merki SÍBS, verð, síðasta endurnýjunardag, dráttardag og innlausnarfrést. Á hann skal prenta eiginhandarnafn framkvæmdastjóra happdrættisins, og á honum skal vera undirskrift eða eiginhandarstimpill umboðsmannsins.

#### 2. gr.

6. gr. orðist svo:

Vinningar eru samanlagt 17 500 að tölu í öllum 12 flokkunum og eru samanlagt að verðmæti kr. 151 200 000.00.

Stjórn SÍBS ákveður vinningatölu og verðmæti þeirra í hverjum flokki. Þó séu aldrei færri en 1000 vinningar í 1. flokki og ekki fleiri en 2 500 vinningar í 12. flokki.